



NR. 1542

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

29 DEC 1998

Ríkisendurskoðun
Skúlagötu 57
150 REYKJAVÍK

Dagsetning
22. desember 1998

Tilvísun
98080067
352.1

Meðfylgjandi skipulagsskrá fyrir Vídalínssjóð Skálholtsskóla hefur verið staðfest af ráðuneytinu og óskast hún færð á sjóðaskrá.

F. h. r.

Fanney Óskardóttir

fyrir

Vídalínssjóð Skálholtsskóla

1. grein

Sjóðurinn heitir Vídalínssjóður Skálholtsskóla, stofnaður 19. nóvember 1995, til minningar um einn áhrifamesta prédikara á íslenskri tungu fyrr og síðar, Jón biskup Vídalín, biskup í Skálholti.

Stofnendur eru síra Jónas Gíslason, vígslubiskup, og Leifur Agnarsson, framkvæmdastjóri Kassagerðarinnar. Sá fyrrnefndi gaf sjóðnum handrit hugvekjubókar sinnar: „Hver dagur nýr“ og annaðist sölu bókarinnar, en sá síðarnefndi greiddi allan kostnað af útgáfu hennar. Allur ágóði af sölu bókarinnar rennur til sjóðsins.

2. grein

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.500.000,- auk óseldra eintaka af bókinni. Stofnfé skal ekki skerða. Helmingur fjármagnstekna skal lagður við höfuðstól.

3. grein

Sjóðurinn tekur við framlögum, gjöfum og áheitum og skal um slík framlög fara svo sem segir í 2. grein.

4. grein

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að eflingu kristinnar prédikunar í íslenzku kirkjunni, með því m.a. að hvetja til og styrkja námskeið og/eða ráðstefnuhald í Skálholti í prédikunarfræðum í samráði og samvinnu við Guðfræðideild Háskóla Íslands og Guðfræðistofnun.

5. grein

Stjórn sjóðsins skipa vígslubiskupinn í Skálholti, rektor Skálholtsskóla og forstöðumaður Guðfræðistofnunar auk stofnenda. Síra Jónas Gíslason er formaður sjóðsstjórnar, meðan hann óskar þess, en síðan taki vígslubiskup við formennsku sjóðsins. Að stofnendum látnum geta erfingjar hvors þeirra um sig skipað mann í sjóðsstjórn, ef þeir óska þess, en að öðrum kosti skipa hinir þrír stjórn sjóðsins.

6. grein


Rektor Skálholtsskóla annast um varðveislu fjár sjóðsins og reikningshald. Um endurskoðun og birtingu reikninga fer sem um aðra sjóði Skálholtsskóla á hverjum tíma.


7. grein

Leitað skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skálholti

19. 11. 1995

Jónas Gíslason


Leifur Agnarsson


staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. desember 1998

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson (sign.)

Fanney Óskarsdóttir (sign.)